



MINNINGAR FRÁ SÁL

I.

Elísabet Bjarklind Þórisdóttir

Minningar frá SÁL skólanum

Í ágúst 1971 fór ég sem au pair stúlka til hjónanna Elísu og Gunnars Schram í New York og þar leið mér vel. Hjónin vissu af áhuga mínum á leiklist og leikhúsi og fékk ég því að vera í leiklistarskóla samhliða au pair starfinu. Þetta var því alveg draumalíf; ekkert leiklistarnám var í boði á Íslandi en mig langaði mest af öllu að læra leiklist. Ég gat því alveg hugsað mér að vera áfram í New York eða allt fram að því að móðir mín pantaði símtal við mig í gegnum „talsamband við útlönd“ á sumarmánuðum 1972 til þess að segja mér að til stæði að stofna samtök áhugafólks um leiklistarnám (SÁL) og hvort ég vildi ekki drífa mig heim til Íslands. Ég þurfti ekki að hugsa mig lengi um, fór að ráðum móður minnar, kom heim og mætti á Fríkirkjuveg 11 í húsnæði Æskulýðsráðs Reykjavíkur og hitti þar fyrir um fjörutíu manns sem ég þekkti ekkert en sogaðist að hópnum sem hafði mér einhverja áður óþekkta orku.

Næstu fjögur árin voru ævintýri líkust! Mikil vinna og áræðni, endalausar áskoranir og ódrepani vilji og metnaður til að ná settu markmiði: Að stuðla að og koma á viðurkenndu leiklistarnámi á Íslandi.

Í SÁL skólanum var allsherjarfundur æðsta vald skólans og á þann fund mættu nemendur og á hann var skyldumæting. Þeir voru haldnir vikulega; þeir gátu dregist á langinn þessir fundir, stóðu jafnvel í margar klukkustundir. Hópvinna er tímafrek en lærdómsrík og kennir þér að taka ábyrgð. Á fundunum rékti lýðræði í sinni fegurstu mynd og málin voru rædd þar til allir voru sáttir, þó allir væru kannski ekki alltaf sammála. Þar lá styrkur okkar.

Að því ég best veit er Leiklistarskóli SÁL eini skólinn sem stofnaður hefur verið og rekinn af nemendum.

Námskráin var ákveðin af nemendum og kennurum út frá þeim sjónarmiðum að gera okkur að virkum þjóðfélagsþegnum með undirstöðu í fleiru en því að standa á leiksviði og kunna rulluna sína. Fengum við því fyrirlesara með námskeið í ýmsum greinum; þjóðfélagsfræði, sálarfræði, grísku leikhúsi, íslenskri leikritunarsögu, tónlist, leikritalestri svo eitthvað sé nefnt, auk þess sem við sóttum sýningar leikhúsanna og ræddum þær og rýndum síðan sameiginlega með kennara.

Við þurftum að vera í góðu líkamlegu formi, geta beitt röddinni og kunnað undirstöðu í öndun, söng og tónfræði. Með þetta í huga hófum við samstarf við Söngskólann í Reykjavík þar sem við fengum kennslu í tónfræði og söng.

Í Nemendaleikhúsinu áttum við samstarf við þá nýstofnaða Nýlistadeild í Myndlista- og handíðaskólanum og hönnuðu nemendur í þeirri deild leikmynd fyrir leikritið Undir suðvesturhimni, sem skrifað var af kennara okkar og skáldi, Sigurði Pálssyni, en tónlistina samdi Gunnar Reynir Sveinsson, tónfræðikennari okkar og tónskáld. Þannig stuðlaði SÁL að eflingu íslenskrar leikritunar því þessi háttur viðhafðist í mörg ár í Nemendaleikhúsinu og var góð viðbót við

leikhúslíf borgarinnar.

Styrkur þessa fyrsta hóps sem stofnaði og hóf nám í Leiklistarskóla SÁL lá í mörgu. Þótt margir hafi helst úr lestinni á fyrstu misserunum vorum við ellefu sem útskrifuðumst þann 31. maí 1976 frá Leiklistarskóla Íslands, fyrstir nemenda.

Við vorum:

Anna Sigríður Einarsdóttir
Ása Helga Ragnarsdóttir
Elísabet Bjarklind Þórisdóttir
Evert Kristján Ingólfsson
Nanna Ingibjörg Jónsdóttir
Ólafur Örn Thoroddsen
Sigurður Sigurjónsson
Sólveig Halldórsdóttir
Svanhildur Jóhannesdóttir
Viðar Eggertsson
Þórunn Pálsdóttir

Margt eftirminnilegt má nefna frá þessum námsárum í SÁL skólanum. En erfitt er að velja eitthvað eitt sem stendur upp úr á þessum tíma sem hefur mótað mig fyrir lífstíð og ég hefði ekki viljað missa af fyrir allt gull veraldar:

- Þessi mikla samstaða.
- Vináttan og trúin á tilganginn og tilveruréttinn.
- Vissan um að við værum á réttri leið.
- Ná að ryðja brautina fyrir marga aðra með þrotlausri vinnu og metnaði.
- Við börðumst fyrir námslánum og fengum þau, fyrst íslenskra listnema.
- Við börðumst fyrir ríkisreknum leiklistarskóla og fengum hann.
- Við börðumst fyrir nemendaleikhúsi og fengum það.

Við fengum til liðs við okkur kennara sem við stöndum í þakkarskuld við. Þeir lögðu sig alla fram við að veita góða kennslu af hugsjón, metnaði og fagmennsku fyrir laun sem voru langt undir öllum taxta. Þeir nálguðust okkur af virðingu, bæði sem einstaklinga og sem hóp - því við vorum hópur af ólíkum einstaklingum og kannski var það okkar styrkur.

Við í fyrsta bekknum vorum á aldrinum 17-25 ára í upphafi náms; sum okkar nánast blaut á bakvið eyrun á meðan nokkur hinna elstu áttu maka og börn...skil aldrei hvernig þeim tókst að halda þetta út!

Því ekki aðeins var þetta spurning um að vera í skólanum, læra heima og vinna verkefni – við þurftum að:

- búa til áætlanir
- berjast fyrir fjármagni
- sitja fyrir ráðherrum
- ráða kennara
- leita að húsnæði
- smíða leikmyndir

- gera leikskrár og kynningarefni
- útvega búninga
- undirbúa inntöku nýrra nemenda...
- ... og vinna til þess að eiga salt í grautinn.

Framkvæmdastjóri í hálfu starfi var ráðinn á þriðja og síðasta starfsári skólans, okkar ómetanlega Ingibjörg Briem, Tíra.

Hinn 31. maí 1975 fór jarðarför SÁL skólans fram í þáverandi húsnæði skólans, Hótel Vík við Ingólfstorg.

Þangað mættu allir nemendur skólans og kennarar, svartklæddir og með blóm í barmi.

Glaðir og sorgmæddir í senn.

Takmarkinu var náð: haustið 1975 myndum við, nemendur þessara þriggja bekkja SÁL skólans, hefja nám við Leiklistarskóla Íslands.

Ég man þann dag eins og gerst hafi í gær.

Guðný Helgadóttir

Vorið 1974 var ég stödd í Canada þar sem ég hitti vin minn og var að segja honum að nú langaði mig til að fara að hreyfa líf mitt og gera eitthvað meira en elda graut handa 4 börnum og eiginmanni en vandamálið væri að ég vissi ekki hvað mig langaði til að gera. Eftir nokkra kaffibolla og rannsóknarspurningar og útilokunaraðferðir var niðurstaðan sú að mig langaði bara að „HREYFA“ mig og gat ekkert útskýrt það neitt frekar hvað ég meinti með því.

Um haustið sem ég varð 36 ára rakst ég á auglýsingu í Þjóðviljanum þar sem auglýst var að Samtök áhugafólks um leiklist væru að hefja sitt annað ár í leiklistarkennslu og væri hann öllum opinn. Nokkrurn dögum síðar settist ég á skólabekk í Leiklistarskóla SÁL.

Þessi skóli opnaði mér nýjan heim. Ég fann fyrir frelsi og gleði og eintómar áskoranir mættu mér. Það var stundum flókið - jafnvel erfitt, að vera sú elsta og „reyndasta“ í hópnum og kannski ekki alltaf á sömu blaðsíðunni og hinir.

Leiklistarnámið sem hófst í SÁL hefur nýst mér vel í allskonar verkefnum. Verkefni tengd leikhúsinu, í kennslu, námskeiðshaldi o.fl. Ég lauk kennsluréttindum í leiklist fyrir framhaldsskóla frá Kennaraháskóla Íslands. Síðustu ár hef ég starfað með eldri borgurum sem „hreyfi“ leiðbeinandi. Ég hef verið með ljóðalestra hópa, auk þess hef ég kennt Tai-chi sem er sannkölluð hreyfist!

Hefði SÁL skólinn ekki verið til hefði aldrei hvarflað að mér að læra leiklist. Þessi litla auglýsing í Þjóðviljanum vakti forvitni. Var þarna komið eitthvað sem ég gat haft gagn og gleði af? Það reyndist svo vera. Þetta var það besta sem ég hefði getað gert á þessum tímamarki. Ég er full aðdáunar á sjálfri mér fyrir að hafa haft hugrekki til að mæta á Fríkirkjuveg 11 á kynningarfund hjá SÁL skólanum!

SÁL skólinn á sérstakan stað í hjarta mínu. Þar var baráttufólk með drauma og þrá eftir menntun í leiklist, fólk sem tókst að láta þennan draum rætast. Mér finnst ég vera lánsöm að hafa verið nemandi í SÁL skólanum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Falleg perla úr minningasafninu

Haustið 1971 kynntist ég ævintýraheimi leikhússins þegar ég fékk vinnu við að sjá um leikmunina í Hárinu. Ég hafði alltaf haft áhuga á leiklist og tók m.a þátt í leikhóp sem var starfræktur í Menntaskólanum við Tjörnina og Kári Halldór þjálfaði þannig að það rak heldur betur á fjörur mínar að fá vinnu við Hárið. Sú vinna fékk hins vegar skjótan endi þegar Glaumbær brann í desember 1971 og sýningum á Hárinu var hætt. Þetta var engu að síður mikil upplifun fyrir 16 ára menntaskólastelpu og ég ákvað að setja stefnuna á leiklist.

Það var hins vegar ekki um auðugan garð að gresja því hvergi var hægt að læra leiklist á Íslandi á þeim tíma. Vorið og sumarið 1972 komst ég í kynni við hóp sem einsetti sér að vinna að stofnun leiklistarskóla á Íslandi og ef menntakerfið og stofnanaleikhúsin tækju ekki við sér ætluðu þau að gera þetta sjálf. Ég hreifst af þessu frumkvæði og fór að starfa með hópnum að stofnun Samtaka áhugafólks um leiklistarskóla (SÁL) sem upphaflega var hugsaður sem þrýstihópur en varð á endanum að hóp um stofnun og rekstur leiklistarskóla.

Þegar SÁL skólinn tók til starfa í kjallaranum að Fríkirkjuvegi 11 haustið 1972 ákvað ég að vera með þó að ég væri þá að byrja í þriðja bekk í menntó og ætti því tvo vetur eftir í stúdentspróf. Flestir sem tóku þátt í skólanum fyrsta árið voru í vinnu eða námi og þ.a.l fór námið í skólanum aðallega fram seinni part dags og um helgar og þess vegna gat ég verið með þó að þetta væri sannarlega nokkuð stíft prógramm.

Þátttakan í SÁL skólanum opnaði mér nýja sýn og ég kynntist menningarkíma og merkilegu fólk sem ég hefði ella ekki haft aðgang að. Hilde Helgason kenndi framsögn sem ég hef búið að allar götur síðan, Helga Hjörvar kenndi okkur að treysta okkur sjálfum og öðru fólk í spuna og traustsæfingum, Þórhildur Þorleifsdóttir kasólétt af Sólveigu sýndi mér fram á að konur þurfa ekki að láta barneignir stoppa sig og Þorgeir Þorgeirsson opnaði heim bókmenntanna fyrir mér. Ég gleymi aldrei yfirferð Þorgeirs á Grettissögu sem hann sagði að væri fyrsta kvikmyndahandrit íslenskra bókmennta. Samt hefur ennþá enginn tekið sér fyrir hendur að kvikmynda þá ágætu sögu.

Þegar leið að vori 1973 sá ég að það gæti ekki gengið upp að vera í tvöföldu námi og ég yrði að velja, annað hvort menntaskólann eða leiklistarskólann, og ég valdi að klára stúdentsprófið. Í raun kom aldrei neitt annað til greina enda hefði það valdið foreldrum mínum óendanlega miklum vonbrigðum ef ég hefði ekki klárað

menntaskólann. Veturinn minn í SÁL var engu að síður mjög lærdómsríkur og er ein af þessum perlum úr minningasafninu sem ég er svo stolt af að eiga. Fólkið sem stofnaði SÁL var ungt hugsjónafólk sem lét tregðu kerfisins ekki stöðva sig heldur ákvað að skapa sjálft þann farveg sem svo sárlega vantaði til að það gæti fengið að sinna því sem hugur þess stóð til. Ég var bara 16 ára þegar þetta var og eftir á að hyggja held ég að þetta frumkvæði hafi orðið mér hvati síðar á lífsleiðinni til að láta ekki stöðva mig heldur skapa ný form og samtök þegar hin gömlu svára ekki lengur kalli tímans.

Takk fyrir mig.

Jóhanna Hafliðadóttir

SÁL. 1.bekkur – 1974-1975

Veturinn 1974-1975 var mér af mörgum ástæðum gríðarlega erfiður, það sem hélt mér á floti var að mæta niður í Hótel Vík á kvöldin.

Við vorum 22 í bekknum, sem þótti nokkuð mikið en það var talið víst að það myndi kvarnast úr hópnum smá saman eins og hafði gert veturna á undan. En allir vissu að þetta yrði síðasti veturinn og enginn gafst upp. Kennararnir voru allir dásamlegir, við lærðum mikið af þeim og hvort öðru. Þarna var jú nemendalýðræði og við tókum þátt í öllum ákvörðunum en kennararnir höfðu tillögurétt ef ég man rétt.

Ég man eftir setum uppi á kaffistofunni og spjalli við aðra nemendur, þegar við vorum að leika okkur með farða og reyna okkur við trúðamálningu; Sigurði Pálssyni að segja okkur frá leikhúsinu í Frakklandi og dásamlegu röddinni hans Þorleifs Haukssonar. Þriðjubekkingunum Viðari og Svanhildi, kinnfiskasognum og grindhoruðum í magnaðri leiksenu – man reyndar ekki hvaða leikrit.

Ég man seina leikfimitíma hjá Hafðísi upp í Húsi Jóns Þorsteinssonar og þegar við þurftum að taka ákvörðun um hvort strákarnir eða stelpurnar færu í sturtu fyrst eða hvort við færum bara saman. Ég man þegar við settum upp sýningu til heiðurs Þórbergi Þórðarsyni eftir að hann lést. Sumarbústaðaferð þar sem m.a. Ragnheiður söng svo ógleymanlega Summertime. Og partíin – það voru ekki bara við í skólanum. Þarna mættu ýmsir sem áttu eftir að slá rækilega í gegn. Ógleymanlegur vetur. Takk fyrir mig SÁL.

Katrín Þorvaldsdóttir

Það er ákveðinn ljómi sem fylgir minningum SÁLar skólans við Fríkirkjuveg 11 - ákveðinn ilmur - og tilfinning fyrir fín- og grófgerðum flauelsbuxum.

Fjölskyldu-ævintýri - hópurinn var ein stór fjölskylda með marga vel valda kennara einsog Helgu Hjörvar sem sem náði að byggja upp traustið sem var á milli okkar og gaf okkur þar af leiðandi frelsið til þess að vera við sjálf. Okkur lá svo mikið á hjarta og höfðum einbeittan vilja til þess að stíga fram og þar var Þórhildur Þorleifsdóttir sjálfskipaður agastljóri sem náði að slípa sverðin til þjóðfélagsbreytinga - taka málefni dagsins og eilíðarinnar uppá svið og á meðan svaf barnið í barnavagninum fyrir utan Fríkirkjuveginn.

Hilde Helgason leiddi okkur inní töfrabrogð raddheimsins og Þorgeir Þorgeirsson kenndi okkur að krifja verkin niður í smæstu einingar.

Saltvíkin er bara fyrir mér Orpheus og Eurydice - og Óli þar fremstur meðal jafningja.....

Hjartans þakkir elsku vinir fyrir þann tíma sem mér auðnaðist að vera með ykkur.

Ragnheiður Elfa Arnardóttir

Minning – SÁL 1974

Ég man tilhlökkunina á hverjum degi, spennuna sem fylgdi því að mæta í SÁL kvöldskólann, þrátt fyrir langan vinnudag annars staðar. Þar mætti manni skapandi, kærleiksríkt, metnaðarfullt og orkuhlaðið umhverfi þar sem allir hjálpuðust að við að láta drauma rætast og ekkert var ómögulegt!!

Ég var þá nemi í framhaldsskóla, hafði tekið þátt í Herranótt og sótt námskeið í framsögn og leiklist m.a. hjá Baldvini Halldórssyni og Ævari Kvaran. Ég hafði nú samt aldrei ímyndað mér að ég gæti starfað sem atvinnumaður í leiklist. Þegar nokkrir vina minna stefndu á leiklistarnám hjá SÁL skólanum sló ég til og fór með þeim á kynningarfund. Þaðan varð ekki aftur snúið.

Það er ljómi yfir þessum fyrsta vetri mínum í formlegu leiklistarnámi. Mikið af frábæru fólki, bæði kennurum og nemendum; skemmtileg og ögrandi verkefni; Hótel Vík, svarti salur, rauði salur, allsherjarfundirnir, samhjálpin, starfs-gleðin.....

Árgangarnir tveir á undan mínum höfðu unnið stórkostlegt brautryðjendastarf sem við, síðasti SÁL bekkurinn, nutum góðs af.

Eftir útskrift var ég leikari við atvinnuleikhús landsins og víðar í nærri tuttugu ár. Síðar átti ég eftir að skipta um starfsvettvang, lærði félagsráðgjöf og starfaði sem slík í fimmtán ár. Þar nýttist svo sannarlega reynslan úr leikhúsinu, en ekki síst úr SÁL og LÍ. Reynslan af því að setja sig í spor annarra, reynslan af samvinnu og samþættingu sjónarmiða, reynslan af því að hugsa út fyrir kassann, vinna lausnamiðað og svo mætti lengi telja- ekkert var ómögulegt!!

Sigurbjörg Árnadóttir

Man ég hann Gylfa

Haustið 1975 bættist einn eftirminnilegasti kennarinn í kennaraflóru SÁL skólans, Gylfi Baldursson, sem kenndi okkur taltækni og framsögn. En hann Gylfi kenndi okkur svo ótal margt fleira. Hann var lamaður fyrir neðan mitti og kannski var það þessi fötlun sem gerði hann að jafn öflugri manneskju og hann var, að hún hafi styrkt hann og blásið honum í brjóst marga ákjósanlega mann-kosti á borð við æðruleysi, auðmýkt og þakklæti. Gylfi hafði óborganlegan húmor bæði fyrir sjálfum sér og öðrum og var oft með íróníska útúrsnúninga, linnulausa stríðni, bullvísur, gátur og brandara. Hann var mikill listunnandi, lagði ungar stund á myndlist og var mikill músikant.

Skólinn var fluttur í lðnaðarmannahúsið við Tjörnina þegar Gylfi kom til starfa og kennslustofan þar sem hann kenndi var á annarri hæð. Gylfi var í hjólastól og því þurftum við að bera hann upp þröngan stigann sem oft tók tíma þar sem hann reitti af sér brandara á með á því stóð, gagngert til þess að láta okkur veltast um af hlátri og vera við það að missa hann. Oft heyrðist kallað frá þeim sem stólinn báru: Gylfi!! Æ, þegiðu nú smá stund !!! Og svörin gátu verið „ég léttist nú lítið við að þegja, það eruð þið sem eruð svona miklir aumingjar að geta ekki haldið á einum stól“. Eða „þið eigið mig á fæti ef þið sleppið stólnum“.

Eitt sinn kom hann með upptöku af ungum manni sem hafði komið til hans og beðið um hjálp. Maðurinn sem var tæplega þrítugur talaði í falsettu, eða eins og Gylfi sagði: það er ekki til nokkur kerling sem er svo væn að geta hermt eftir þessu. Við hlustuðum á manninn lesa og röddina breytast úr falsettu í þægilega djúpa karlmansrödd. Galdurinn var „hálstak“ sem Gylfi tók honum á meðan hann las. Í einungis tveim heimsóknum til Gylfa öðlaðist þessi maður nýja rödd, en eins og Gylfi sagði, þá þurfti hann meiri aðstoð við að kynna nýju röddina fyrir ættingjum og vinum. Það reyndist honum mun erfiðara og við það þurfi hann aðstoð Gylfa.

Þegar hann kom til okkar gegndi hann starfi forstöðumanns Heyrnardeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, en hafði áður bæði starfað sem þýðandi og blaðamaður og unnið við dagskrárgerð, bæði fyrir útvarp og sjónvarp. Auk menntunar í heyrnar- og talmeinafræði frá Háskólanum í Michigan í Bandaríkjunum var Gylfi með BA-prófi í ensku og frönsku frá Háskóla Íslands.

Á Finnlandsárum mínum naut ég þess að fylgjast með honum keppa fyrir Íslands hönd í Kontrapunkti sem var árleg tónlistarkeppni sjónvarpsstöðva á Norðurlöndum. Æðruleysið uppmálað sat hann í hjólastólnum en öðru hvoru brá fyrir þessum prakkarasvip og ég bjóst alveg eins við því að heyra: passið ykkur nú ormarnir ykkar!

Viðar Eggertsson

Minningar úr SÁL – I

Það var að draga að jólum, hrollkaldur vetur og myrkasta skammdegið grúfði yfir. Við, 1. árgangur SÁL, vorum komin í 2. bekk og höfðum aðsetur í kjallara Tónabæjar í boði Reykjavíkurborgar. Þetta var í árslok 1973, alveg að koma jól. Gott ef þetta var ekki síðasti kennsludagurinn fyrir jólafrí.

Við höfðum spurnir af því að ungur maður væri við nám í leikhúsfræðum í hinni mögnuðu heimsborg París. Þessi áhugaverði maður væri kominn heim í jólafrí. Nú var lag! Við höfðum ekki miklar spurnir af leiklistarlífinu þar og fannst því tilvalið að fá hann sem gest til okkar til að opna fyrir okkur nýja heima og fá að skiptast á skoðunum. Þetta var Sigurður Pálsson leikhúsfræðinemi og síðar nafntogað skáld og leikskáld.

Hann kom til okkar í svarta frakkanum, með frönsku, svörtu, spanjóluna á höfðinu og trefil vafinn um hálsinn eins og heimstenór. Þegar hann hafði tekið af sér trefilinn og farið úr frakkanum (tók ekki af sér spanjóluna) þá kom í ljós tágrannur maður í svörtum jakkafötum úr flaueli í þverröndóttum, svart/hvítum bol innan undir. Rétt eins og umrenningur úr Beðið eftir Godot eftir Samuel Beckett.

Það var mikil upplifun að heyra hann segja frá menningu og listum Parísarborgar. Hann var líka forvitinn að heyra um drauma okkar og þrár. Í hita leiksins spurði hann okkur hvernig leikhús við sæjum fyrir okkur og hvernig við myndum vinna úr möguleikum okkar þegar við værum farin að marka okkar spor á leiksviði Íslands og hvaða nýjungar við myndum vilja brydda uppá..

„Við getum alla vega verið með götuleikhús! Há?!“

Tágranni ljúflingurinn horfði rólega á okkur, spennti greipar um annað hnéð og sagði með hæð:

„Ha? Í þessari háلكu?“

Þögn.

Götuleikhús var aldrei rætt meir í bekknum eftir þetta. En við tókum Sigurði Pálssyni opnum örmum þegar hann hafði lokið námi og fengum hann til að kenna okkur á þriðja og fjórða ári – og skrifa og leikstýra lokaverkefni okkar í Nemendaleikhúsinu: Undir suðvesturhimni.

Minningargrein um Þorgeir Þorgeirson, f. 30.04.1933 – d. 30.10.2003
Birt í Morgunblaðinu á útfarardegi hans, 11. nóvember 2003

Kveðja frá SÁL

Árið er 1972 og það hefur risið upp hópur unglunga sem sögðust geta framkvæmt sjálf það sem þunglamalegt menntakerfið hafði ekki komið í framkvæmd: að setja á stofn leiklistarakadémiu sem stæði undir nafni. Þau vildu ekki bíða. Lífið fer svo hratt framhjá þegar maður er ungur. Engu er líkara en að maður sitji uppi með farseðil í hraðlest. Allt verður að gerast núna og ekki tími til að láta lífið bara líða hjá. Við vildum sitja á fyrsta farrými til framtíðar, til lífsins.

Lífsmarkið var sýnt. Leiklistarakadémián var stofnuð í trássi við öll lög og reglugerðir. Í flokkinn bættust ungir kennarar sem höfðu daðrað við róttækar hugmyndir, varla eldri en nemendurnir sjálfir. Og "eldri" maður. Já og þessi líka maður! Árið er 1972 og vart hægt að hugsa sér meiri andstæður en uppivöðslusama unglunga með byltingarkenndar hugmyndir um skólakerfi og listmenntun og hinsvegar skeggjaðan "eldri" mann sem brosti kíminn þegar hugmyndaöldurnar risu hvað hæst og skullu á steingeldu kerfinu. Eins og ekkert væri meira gaman í heiminum en að láta berast með þessum öldum. Hvað gat þessi maður átt sameiginlegt með ólátabelgjum sem varla voru laus undan því undarlega og síbreytanlega ástandi, líkamlega og andlega, sem er kölluð gelgja og öllum þroskuðum einstaklingum finnst hvað erfiðast að umbera? Hvaðan kom honum þolinmæðin? - Og af hverju skildi hann þetta betur en aðrir? Og af hverju skipaði hann sér í sveit með þessum hörðu, en þó óhörðnuðu unglungum? Úr hvaða efni var svona maður? Leiklistarskóli SÁL stofnaður af nemendum skólans í trássi við kerfið sem hafði verið of svifaseint til að fylla upp í það tómarúm sem hafði skapast við að þeir leiklistarskólar sem fyrir höfðu verið voru lagðir niður. Anarkistísk aðgerð; bylting hinna óþolandi; móðgun við alla leiklistarlega réttthugsun. Framin af óhörðnuðum unglungum með vaxtarverki sem áttu bara að ná til líkamans en höfðu tekið uppá því að setjast að í höfðum þeirra og komið af stað slíkum gjörningi að réttthugsandi fólk gat ekki á heilu sér tekið. Fólk á breytingaskeiði er erfitt, ef ekki hreinlega hættulegt, það gæti nefnilega tekið uppá einhverju sem enginn sæi fyrir og það gæti hreinlega eitthvað hlotist af því! Þarna fannst Þorgeiri Þorgeirsyni gaman að vera. Enda sagði hann að einræði væri sæluríki stöðnunar og þeim sem aðhylltust það stæði stuggur af lýðræði, því þar gæti allt gerst.

Og þarna sat hann í miðjum hópnum, einn af okkur, en þó svo ólíkur, en samt einn af okkur. Hann var sá eini, af þó mjög svo framsæknum kennurum, sem sagði aldrei: Þið og Ég. Hann sagði alltaf: Við. Það var af þeirri einföldu ástæðu að hann var einn af hópnum. Þannig maður var Þorgeir Þorgeirson.

Það þarf vart að lýsa fyrir neinum hvaða hvalreki hann var á fjörur okkar. Maður sem hafði litið svo á að til þess að hægt væri að gera leiknar myndir af einhverju

viti, þyrfti að skoða það samfélag sem myndirnar ættu að endurspegla. Með kvikmyndatökuvélina á lofti hafði hann gert það, rannsakað það mannlíf sem við ætluðum að leika og endurskapa í rými leikhússins. Hann hafði þegar gert það með heimildarmyndum eins og Maður og verksmiðja, og Róður.

Ég man ekki eftir því að hafa setið eina einustu kennslustund hjá Þorgeiri, þó kenndi hann okkur næstum uppá hvern dag í hartnær þrjú ár. Þetta var samræða. Hann efldi með okkur samræðulist um listina, um lífið og hvernig ætti að búa til listaverk úr lífinu. En fyrst og fremst opnaði hann augu okkar; að horfa gagnrýnum augum á umhverfið, afhjúpa það og greina og umskapa í list. Hvort sem það yrði til heimabrúks eða heimsbrúks.

Í þessu samfélagi fann Þorgeir sig enda aðhylltist hann þá skoðun að hver maður ætti að vera frjáls að vinna að hugðarefnum sínum og hefði því rétt á að stunda nám í hverju því sem hugur hans stóð til. Listaskóli átti að hafa margar vistarverur, en enga dyraverði.

Hann útvíkkaði bókstaflega þessa kenningu sína, því jafnan stóð heimili hans og Vilborgar okkur opið. Þar gengum við á fund samhentra hjóna og þar sem Vilborg var fengu samræðurnar enn fleiri og magnaðri víddir.

Mörgum stóð stuggur af svo hömlulausu lýðræði eins og SÁLskólinn aðhylltist, þar sem nemendurnir skipulögðu námið eftir þörfum sínum. Þegar varðhundur valdsins tóku að glefsa í skólann, þá voru góð ráð dýr - öllum nema Þorgeiri, sem á ögurstundu hélt ró sinni, því hann hafði þann fágæta eiginleika að geta, á slíkum stundum, greint flókna atburðarrás í einni sjónhendingu af einstakri skarpskyggni. Yfirvegað og rólega miðlaði hann af næmi sínu. Skilgreindi og lagði okkur til á hógværan hátt, efni í þau vopn sem við urðum síðan sjálf að smíða til að verja tilvist okkar og hugsjónir. Það urðu vopn sem bitu. Enda maðurinn lagt stund á heimspeki, sálfræði, listasögu og kvikmyndaleikstjórn. Að lokum fór það svo að ráðamenn um leiklistarnám í landinu sáu sér ekki annað fært en að kogleypa kenningar okkar um leiklistarnám og námsmannahópin sem hafði myndast á þeim þremur árum sem skólinn starfaði - allt nema Þorgeir. Hann var að sjálfsgöðu of stór biti í svo þröngan háls og auk þess illmeltanlegur. Hann, sem Leiklistarskóli Íslands hefði þó þurft mest á að halda.

En kannski hefði Þorgeir aldrei unað þar, það var ekki í eðli hans að róa á svo lygnum sjó. Það reyndist líka bíða hans stærri og mikilvægari verkefni við að koma lýðræðislegri stjórnskipun á í landinu.

Leikrit Þorgeirs eru því miður ekki mörg en engan leikritahöfund hef ég staðið að meira næmi fyrir hinni dramatísku list. Skarpleg greining hans á eðli mannsins og skilningur á því sem fær eina mannveru til að þrauka lífið af, þar sem hver

hefur sína afsökun, - var einstök. Hann leiddi okkur þannig um veröld sína, sem var stærri en sú veröld sem blasti við okkur dags daglega. Þessa veröld lagði hann á borð fyrir okkur eins og ekkert væri sjálfsagðara en að krakkagrislingar eins og við rifum hana í okkur. Við erum enn að smjatta á henni og verðum sjálf-sagt að því meðan eitthvert okkar tórir á þessari jörð. Því vissulega hefur fátt af þessu verið auðmelt - þó ekki tormelt, en alltaf gómsætt. Og eftirbragðið höfugt og seiðandi - og varir ...

Þórunn Pálsdóttir

Minningar frá SÁL skólanum

Ég man þegar við vorum í Saltvík:

Ég vaknaði oftast við glymjandi tónlist sem kom frá græjunum hans Óla, „Killing me softly with his song“.

Ég man æfingarnar:

... gríptu mig , niður í fjöru og uppi í hlíðum Esju

... haltur leiðir blindan, í skemmunni

... útværspættina hans Þorgeirs.

Ég drakk bara vatn á föstudaginn langa og þóttist vera eitthvað spes.

Minningar frá SÁL - I:

Elísabet Bjarklind Þórisdóttir

Guðný Helgadóttir

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Jóhanna Hafliðadóttir

Katrín Þorvaldsdóttir

Ragnheiður Elfa Arnadóttir

Sigurbjörg Árnadóttir

Viðar Eggertsson

Þórunn Pálsdóttir